

BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ  
HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ  
[GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ](#)  
ÍSAFIRÐI

ÁRSSKÝRSLA 1997 ([1996](#))  
ÚTDRÁTTUR:

BÓKASAFNIÐ: Bæjar- og héraðsbókasafnið samanstendur af aðalsafninu á Ísafirði, bókasöfnunum á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri auk safnanna/lestrarfélaganna á Hrafnseyri, Höfða, Ástúni og Holti. Áður hafa gengið inn í safnið á Ísafirði lestrarfélögin/bókasöfnin í Sléttuhreppi, Grunnavíkureppi, Snæfjallahreppi og tvö í Eyrarhreppi (Lf. Skutulsfjarðar og Bs. Hnífsdælinga). Lestrarfélag Ísfirðinga, sem var stofnað 20. janúar 1866, gekk inn í bókasafnið við stofnun þess 1889. Safnið starfar skv. lögum um almenningsbókasöfn [nr. 36/1997](#).

ÚTLÁN: Útlán bókasafnsins Ísafirði voru 26.613, en útlán hreppssafnanna sem sameinuðust voru 6.581. Samtals voru útlánin 33.194 á árinu, sem er heldur meira en s.l. ár (32.492)

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA: Heimildaleitir voru um 2.000 og upplýsingabeirni um 9.000 á árinu í aðalsafni.

SAFNGESTIR: Áætlað er að um 18.000 gestir hafi komið í bókasafnið á Ísafirði á árinu.

SKRÁNING: Á bókasafninu er nú unnið að uppbyggingu tölvuskrár yfir allan safnkost (bækur, tímarit, myndbönd, hljómdiska, snældur, kennsluáhöld o.fl.) í söfnum í héraðinu, bæði hreppssafna og safna í skólum og stofnunum. Stefnt er að því að opna skrár safnsins á Internetinu haustið 1998 með vefbúnaði frá [MikroMARC](#).

SAFNKOSTUR: Safnkostur bókasafnsins á Ísafirði er nú um 72.500 bindi samkvæmt aðfangaskrá. Utan aðfangaskrár eru um 3.000 bindi, alls er safnkosturinn því um 75.500 b. Lokið er endurflokkun og uppsetningu á um 25.000 bókum í hillur í bókageymslum í Gamla sjúkrahúsinu (um 600 hillumetrar). Bókakostur hreppssafnanna sem sameinuðust er um 30.900 þannig að heildarsafnkosturinn er um 106.000 bindi.

GAGNABANKAR: Bókasafnið á Ísafirði hefur aðgang að öllum bókasöfn landsins sem veita netaðgang að skrá, og erlendum gagnabönkum á netinu, s.s. Dialog. Safnið hefur jafnframt aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins o.fl. Lánþegar hafa beinan aðgang að Internetinu í aðalsafninu og fyrirhugað er að opna aðgang í útibúum safnsins á næsta ári.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ: Öllu safninu hefur nú verið komið fyrir í Gamla sjúkrahúsinu. Unnið er að skráningu og þökkun skjalanna í sýrufriar umbúðir, jafnframt því sem unnið er að söfnun skjala í héraðinu. Lokið flutningi á öllu filmu- og myndasafninu í húsið og að mestu frágangi í sérstakar umbúðir og hillur (nálægt 120.000 myndir). Héraðsskjalasafnið starfar skv. lögum [nr. 66/1985](#).

GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ: Litlar framkvæmdir voru við húsið á árinu, hins vegar voru allar teikningar kláraðar og nákvæm kostnaðaráætlun gerð og fyrsti áfangi boðinn út. Samkvæmt honum verður húsið allt endurnýjað að utan (gluggar og útihurðir endurnýjaðar í upprunalegri mynd) og unnið við einangrun og búnað fyrir lyftu o.fl. Gert er ráð fyrir að næsta vetur 1998-1999 verði unnið að lagfæringum innanhúss. Vonir standa til að verkið verði klárað sumarið 1999. Kostnaðaráætlun vegna endurbyggingar hússins er um 100 milljónir kr.

## ÁRSSKÝRSLA 1997

### BÓKASAFNIÐ:

ÚTLÁN: Á árinu voru heildarútlán bókasafnsins á Ísafirði 26.613 bindi, en voru (25.899) árið 1996. Í aðalsafni voru útlánin 22.270 (21.745), en til stofnana, hreppa o.fl. voru útlán 4.343 (3.700) bindi. Útlán í hreppasöfnunum voru 6.581. Heildarútlán í Ísafjarðarbæ voru því 33.194 bindi. Skipting útlána: skáldsögur 38%, fræðirit 36%, barnaefni 26%. Útlán á hvern íbúa bæjarins eru tæplega 8. Bent er á að framangreindar útlánatölur eiga eingöngu við um rit sem eru lánuð út af söfnunum - lán á lesstofu, leskróka, handbókalán, blaða- og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með. Samkvæmt nýlegum erl. rannsóknum á notkun safna [Tim Bruwer, Moreland City Library, Melbourne] hefur komið í ljós "að hlutfallið milli innanhúsnotkunar og útlána var u.þ.b. 0.6:1. Um 50% allra notenda safnsins nýttu sér gögn þess innanhúss. Innan-hússnotkunin var áberandi ólík útlánunum í því að aðallega var um að ræða notkun á dagblöðum, tímaritum, handbókum og fræðiritum ásamt héraðssögu efni, og nánast engin dæmi um að menn væru að nota skáldskap á staðnum". Miðað við þetta hlutfall má gera ráð fyrir að heildarnotkun (útlán og innanhússnotkun) á árinu 1997 hafi verið rúmlega 53.000 bindi.

MILLISAFNALÁN: Rit lánuð öðrum söfnum voru 29 (10), og rit fengin að láni voru 229 (184), mest megnis bækur á serbókróatísku og nokkuð á pólsku auk bóka á norðurlandamálum. Hljóðbækur fengnar að láni voru um 240 (200).

ÖNNUR ÚTLÁN: Auk venjulegra útlána voru um 247 (319) bækur sendar íbúum sýslunnar. Í stofnunum voru lánaðar út um 3.621 (3.700) bækur. Önnur sérútlán m.a. til skipa voru um 70 (114). Alls voru þessi útlán 3.938 (4.133)

SÖGUSTUNDIR: 31 sögustund fyrir börn var á árinu (31) og komu 278 (260) börn.

PANTANIR: Á árinu voru afgreiddar svipað margar pantanir á bókum (vegna lána) og áður eða um 230.

LÁNÞEGAR: Áætlað er að lánþegar sem koma í safnið á Ísafirði að staðaldri séu um 700.

SAFNGESTIR: Áætlað er að rúmlega 18.000 gestir hafi komið í safnið á Ísafirði á árinu.

SKRÁNING: Bókasöfn í eftirtöldum sveitarfélögum í héraðinu hefa verið skráð að mestu í tölvukerfi safnsins hér: Nauteyrráhr. (Laugaland), Reykjarfjarðar-, Ögur- og Snæfjalláhr., (Reykjanes), Súðavíkurráhr., Flateyrráhr., Mýráhr. (Ingjaldssandi) og Mosvallahrepps (Holti). Unnið er að því að skrá safnið á Suðureyri (70%), og áætlað að skrá söfnin í Dýrafirði í kerfið á næstunni. Lokið er skráningi á öllum innlendum safnkosti aðalsafnsins, útgefinn eftir 1987, öllu barnaefni, flokkuðu efni útlánadeildar, öllum nýsigögnum og allt erlent efni útlánadeildar er skráð í tölvukerfið. Auk þessa sem er safnkostur Grunnskólans og Fræðslukrifstofunnar skráður í kerfið, en þessar stofnanir hafa búnað til að leita í skrá safnsins. Unnið er að skráningu eldri rita safnsins og er áætlað er að þessari endurskipulagningu

og tölvuskráningu eldri bóka verði lokið í lok næsta árs. Áætlað er að koma upp vefbúnaði til að opna aðgang að skráum safnsins á Internetinu næsta sumar - þannig að allir "bæjarbúar" geti leitað í skráum safnanna á tillits til búsetu. Vefbúnaður eins og fyrirhugað er að setja upp hér hefur verið settur upp víða í skandinavíu og reynst vel [\[Skrár safnsins\]](#). Fyrirhugað er samstarf við Fjórðungssjúkrahúsið um skráningu bóka og tímarita sjúkrahúsins í þetta sama kerfi og hugsanlega Framhaldsskólann. Þessi samvinna safnanna í héraðinu er til afar mikils hagræðis og sparnaðar og auðveldar alla heimildaöflun.

**SAFNKOSTUR:** Í árslok taldist safnkosturinn á Ísafirði um 71.919 en var (71.126) eintök í ársbyrjun. Aukningin var um 1.400 eintök. Keypt voru 1.033 bækur (1.051), og bækur gefnar safninu voru 64, miðað við (339) s.l. ár. Afskrifaðar voru um 304 bækur (311 s.l. ár). 93 (72) bækur voru bundnar inn. Heildarsafnkosturinn er um 76.000 bindi þar sem nokkuð er til af óskráðu efni. Meginhluta safnkostsins (um 40.000 bindi) hefur verið komið fyrir í Gamla sjúkrahúsinu og er lokið að endurflokka og raða þessum bókum í hillur í kjallara hússins. Safnkostur hreppssafnanna er um 30.900 auk um 2.500 bóka úr lestrarfélögunum norðan Djúps - þess má geta að fyrirhugað er að varðveita Lestrarfélag Grunnavíkur sem heild í Gamla sjúkrahúsinu (sérdeild) sem dæmigert lestrarfélag frá fyrri hluta aldarinnar auk þess sem margar af bókum félagsins eru bundnar inn í roð (hlýra/steinbít) sem er óvenjulegt.

**GAGNABANKAR:** Safnið hefur s.l. 8 ár haft tölvusamband við erlenda gangabanka þar sem hægt er að leita upplýsinga um hvaðeina - en notkun á þeim hefur snarmínkað eftir að ókeypis gagnabönkum fjölgaði á Internetinu. Safnið hefur einnig aðgang að GEGNI, (þ.e. skrá Landsbókasafns, Háskólabókasafns auk fleiri ríkissafna). Einnig hefur safnið undanfarin 5 ár haft aðgang að INTERNETinu með beinum aðgangi ánþega að netinu. Safnið hefur einnig aðgang að gögnum hjá SKÝRR, m.a. bókaskrá Borgarbókasafns, Landspítalans, RÚV, Skólasafnamiðstöðvar Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, DV auk Þjóðskrár o.fl. Safnið hefur jafnframt aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins hjá STRENG. Þannig hefur safnið beinan aðgang að nánast öllum heimildum í söfnum innanlands og mörgum erlendis, gögnum sem hægt er að útvega með skömmum fyrirvara með millisafnalánum eða ljósritum, ef ekki beint um tölvusamband - þessi aðstaða gerir safninu kleift að veita betri þjónustu en áður, sambærilega og hægt er að veita í stórum söfnum á höfuðborgarsvæðinu.

**VEFUR:** Unnið er að gerð vefsíðna fyrir söfnin sem áætlað er að verði komið vel á veg fyrir haustið 1998 - þar er einnig áætlað að opna aðgang að skráum bókasafnsins, þannig að viðskiptavinir safnsins geti leitað sjálfir skránum heimanað frá sér.

**STARFSLIÐ:** Sama og s.l. ár: Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (66%), Elín Magnfreðsdóttir, bókavörður (66%), Jóhann Hinriksson, forstöðumaður (100%) og Þórdís Þorleifsdóttir, bókavörður (66%). Jóna Símonía Bjarnadóttir sagnfræðingur vann við afleysingar bókasafninu, en hún starfar aðallega sem skjalavörður við Héraðsskjalasafnið. Guðmundur Friðgeir Magnússon er bókavörður á Þingeyri, Jóhanna Guðmundsdóttir Höfða Dýrafirði, Ásvaldur Guðmundsson Ástúni Ingjaldssandi, Sólveig Ingvarsdóttir Holti Önundarfirði, Pétur G. Þorkelsson Flateyri og Marías Þórðarson er bókavörður á Suðureyri. Inga María Guðmundsdóttir bókasafnsfræðingur hefur unnið við safnið í afleysingum örðu hvoru.

**ÚTLÁNATÍMAR:** Frá 1. jan. til 1. júní og frá 1. okt. til 31. des. var safnið opið 27 klst. á viku (virka daga kl. 15-20 og laugard. 15-17), frá 1. júní til 1. okt. var safnið opið 22 klst. á viku (virka daga kl. 15-19, laugardaga 15-17). Hreppasöfnin fyrrverandi á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eru opin að jafnaði 4 klst. á viku a.m.k. vetrarmánuðina, en þau minnstu eftir samkomulagi eins og verið hefur.

Æskilegt væri að lengja útlánatíma aðalsafnsins, opna 1 – 2 klst. fyrr á daginn sérstaklega til að koma til móts við þarfir skólanna.

**STOFNANIR:** Þjónusta við stofnanir (þ.e. sjúkrahús, elliheimili, dvalarheimili (Hlíf), fræðsluskrifstofa, dagheimili og hótelið) var með svipuðum hætti og undanfarið. Aðallega er um að ræða útlán bóka, skráning og frágangur/viðhald bóka. Farið er einu sinni í viku á sjúkrahúsið og elliheimilið og dvalarheimilið og afgreiðslu sinnt að jafnaði 3-4 klst. í hvert skipti.

**SKÓLAR:** Eins og áður hefur safnið séð um skráningu og flokkun bóka Grunnskólans á Ísafirði í tölvukerfi safnsins, en skólinn hefur aðgang að þessum skráum í tölvu skólasafnsins. Framhald var á safnkynningu fyrir nemendur Grunnskólans í samvinnu við skólasafnvörð. Áætlað er að að skrá skólasafn Flateyarskóla á næsta sumri í kerfi safnsins. Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda Framhaldsskólans fyrir ítarefni (bækur / tímaritsgreinar o.fl.) að verulegu leiti, en mikið vantar á skipuleg vinnubrögð af hálfu skólans við þetta starf. Með auknu húsrými og tölvubúnaði bókasafnsins í Gamla sjúkrahúsinu má stórbæta þessa þjónustu og auka hagkvæmni. Jafnframt er eðlilegt að Framhaldsskólinn taki þátt í kostnaði við þessa samvinnu eins og aðrar stofnanir.

**HREPPSBÓKASÖFN:** Samstarf við þessi söfn var með líku sniði og undanfarin ár. Eftir sameiningu sveitarfélagana er aðeins Súðavík eftir. Bókakostur þessara hreppa er skráður að mestu leiti í tölvu safnsins á Ísafirði - öðru hvoru eru útprentanir yfir safnkostinn þar sendar inneftir en það auðveldar bókavörðum í bókasöfnunum alla leit að ritum. Hreppsbókasafnið í Súðavík hefur verið sameinað skólabókasafninu þar og þeim komið fyrir í nýja skólahúsinu. Unnið er að gerð samstarfssamnings við Súðavíkurhrepp og Bolungarvíkurkaupstað um héraðsþjónustu safnsins á Ísafirði við þessi sveitarfélög á næst ári.

#### HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Mikil aukning hefur verið undanfarið í starfsemi safnsins við söfnun og frágang skjala. Fyrirspurnum varðandi skjalaheimildir hefur fjölgað mikið. Jóna Símónía Bjarnadóttir, sagnfræðingur, vann við safnið í 67% starfi. Unnið var áfram að söfnun skjala og athugun á ástandi í skjalageymslum í héraðinu, unnið er að því að fara í gegnum öll skjöl safnsins og búa um að nýju í geymslum í Gamla sjúkrahúsinu. Mikið hefur borist af skjölum og standa vonir til þess að hægt verði að búa um þau fljótlega. Í árslok 1997 voru færslur í aðfangabók orðnar 2.925 en voru í ársbyrjun (2.658).

**MYNDASAFNIÐ:** Stöðugt vaxandi annir eru við afgreiðslu myndasafninu. Unnið er að koma myndasafni Vesfirska Fréttablaðsins í varanlegar sýrufríar umbúðir. Í ljósmyndadeild safnsins eru nú nálgægt 120.000 filmur og ljósmyndir.

#### GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ:

Engar framkvæmdir voru við Gamla sjúkrahúsið á árinu. Lokið var við alla hönnun og framkvæmdaáætlun vegna endurbyggingarinnar, Knútur Jeppesen arkitekt vann við það auk tæknimanna. Í áætlunum um endurbyggingu Gamla sjúkrahússins er gert ráð fyrir að húsið haldi sinni upprunalegu mynd eftir því sem mögulegt er. Kostnaðaráætlun vegna endurbyggingarinnar er um 100 milljónir kr. Samkvæmt framkvæmdaáætlun Ísafjarðarbæjar á að verja verulegu fé til Gamla sjúkrahússins á næstu 3 árum (35.500.000 árið 1998, 30.000.000 árið 1999 og 20.000.000 árið 2000). Stefnt er að því að flytja a.m.k. meginhluta starfsemi safnanna í húsið, fyrir aldamót.

**STJÓRN:** Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar fer með málefni safnanna af hálfu Ísafjarðarbæjar, en unnið er að gerð samstarfssamnings við Súðavíkurhrepp og

Bolungarvíkurkaupstað um aðild þeirra að rekstri safnsins - enda er það héraðssafn og þjónar íbúum allra sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum, og í auknum mæli íbúum í Barðastrandar- og Strandasýslum.

Í Menningarnefnd eiga nú sæti:

Geirprúður Charlesdóttir, formaður, Ísafirði  
Þórir Örn Guðmundsson, varaformaður, Þingeyri  
Hansína Einarsdóttir, Ísafirði  
Bryndís Birgisdóttir, Suðureyri  
Bryndís Friðgeirsdóttir, Ísafirði  
Guðni Jóhannesson, Ísafirði  
Kristján Freyr Halldórsson, Ísafirði

---

10. maí 1998

Jóhann Hinriksson